



Opnir íbúafundir með innviðaráðherra



Samráðsfundir með íbúum um samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál, fjarskipti og stafræna innviði.

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra boðar til opinna íbúafunda í **ágúst** í öllum landshlutum til að eiga samráð um málaflokka ráðuneytisins. Tilgangur fundanna er að kalla eftir sjónarmiðum íbúa og sveitarstjórnarfólks um málaflokka ráðuneytisins – samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál og fjarskipti og stafræna innviði.

Fundirnir eru opnir öllum en skráning er á vef Stjórnarráðsins. Fundir verða haldnir síðdegis og boðið upp á kaffiveitingar á hverjum stað.

Fundirnir eru opnir öllum en skráning fer fram á vef Stjórnarráðsins. Fundirnir hefjast allir kl. 16:30 nema á Akureyri en hann hefst kl. 16:45.

Fundir verða á eftirtöldum stöðum:

12. ágúst – **Akureyri – Múlaberg**

13. ágúst – **Borgarnes – Hjálmaklettur**

18. ágúst – **Reykjanesbær – Radisson Park Inn**

19. ágúst – **Ísafjörður – Edinborgarhúsið**

20. ágúst – **Selfoss – Hótel Selfoss**

25. ágúst – **Blönduós – Krúttið**

26. ágúst – **Egilsstaðir – Hótel Hérað**

28. ágúst – **Innviðaping – Reykjavík Hótel Nordica**